Náttúrufræðistofnun

Flóahreppur

Rebekka Rut Ingvarsdóttir

Þingborg

803 SELFOSS

Garðabær, 30. október 2026

Málsnúmer: 202610-0027

IAS

Efni: Súluholtshjáleiga, efnistaka. Skipulagslýsing, breyting á aðalskipulagi.

Vísað er til erindis Flóahrepps frá 15. október 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar efnistökusvæða E13 og E25.

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Með breytingunni verða efnistökusvæðin E13 og E24 stækkuð og heimiluð meiri efnistaka. Námusvæðið er staðsett í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu í Flóahreppi, um 10 km suðaustur af Selfossi. Námurnar eru sitt hvoru megin við Önundarholtsveg (311). Fyrirhuguð stækkun nær til lands sem er í gildandi skipulagi landbúnaðarland. Efnisvinnsla hefur farið fram í báðum námum undanfarin ár, á allt að 12 ha svæði, og hefur það jafnframt verið notað sem móttaka fyrir jarðveg fyrir sveitarfélagið. Samtals verður heimilt að vinna allt að 349 þús m^3 af efni í báðum námunum á 16 ha svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Framkvæmdasvæðið er utan verndarsvæða en innan mikilvæga fuglasvæðisins „*Suðurlandsundirlendi*“ sem nær frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði. Röskun, sem þegar hefur orðið á framkvæmdasvæðinu, hefur dregið mjög úr gildi þess sem búsvæðis fyrir flestar fuglategundir. Jarðmyndanir á svæðinu eru að mestu raskaðar fyrir og svæðið er ekki á nútímahrauni.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar á vistgerðir, fugla og jarðmyndanir þegar komin fram og fyrirhuguð stækkun mun að mestu eiga sér á svæði sem þegar hefur verið raskað. Stofnunin áréttar þó að mikilvægt er að gengið verði frá svæðinu jafnóðum eftir að efnistöku lýkur, bæði þar sem fyrri vinnslu er lokið og eftir fyrirhugaða efnistöku, svo draga megi úr varanlegu raski og stuðla að endurheimt gróðurs. Æskilegt er að framkvæmdin verði svæðisskipt, þannig að efnistaka, frágangur og gróðurframvinda geti farið fram í áföngum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000